



Reykjavík, 1. apríl 2014

R14030134


175

Alþingi - nefndasvið

***Umsögn Reykjavíkurborgar um tillögur til þingsályktunar varðandi aðildarviðræður við Evrópusambandið. (340., 344., og 352.)***

Með tölvubréfum dags. 20. mars sl. var Reykjavíkurborg sendar til umsagnar eftirfarandi tillögur að þingsályktun: 340. mál um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 344. mál, ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla um áframhald aðildarviðræðna við Evrópusambandið og 352. mál um formlegt hlé á aðildarviðræðum Íslands og Evrópusambandsins og þjóðaratkvæðagreiðslu um viðræðurnar.

Vísað er til ályktunar borgarstjórnar sem samþykkt var á fundi hennar þann 18. mars sl.: Borgarstjórn Reykjavíkur skorar á Alþingi að tryggja aðkomu þjóðarinnar að ákvörðun um framhald aðildarviðræðna Íslands að Evrópusambandinu. Í samræmi við gefin fyrirheit verði dregin til baka tillaga um að viðræðum verði slitið og ákvörðun um framhald þeirra sett í þjóðaratkvæðagreiðslu. Með því mun ríkisstjórnin leitast við að virkja samtakamátt þjóðarinnar og vinna gegn því sundurlyndi og tortryggni sem einkennt hefur íslensk stjórnsmál og umræðu í samfélaginu um nokkurt skeið. Reykjavíkurborg minnir einnig á og tekur undir samþykkt stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga af fundi hennar þann 28. febrúar sl. þar sem hún hvatti Alþingi til að tryggja að meðferð þingsályktunartillögunnar um slit aðildarviðræðna við Evrópusambandið verði hagað með þeim hætti að sveitarfélögunum í landinu gefist ráðrúm til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

  
Helga Björk Laxdal  
skrifstofustjóri borgarstjórnar